

Góðan dag.

265. mál

Fyrir hönd IMC Ísland ehf. er hér hjálagt álit okkar um afnám laga um þriðju kynslóð farsíma. Við gerum okkur grein fyrir að umsagnartíminn er liðin en samt sem áður teljum við að mikilvægt sé að ákveðin sjónarmið í þessari umsögn fái að koma fram og verði jafnvel hluti af þeim gögnum fyrir væntanlega vinnu við heildstæða löggjöf um nýtingu fjarskiptatíðna á Íslandi fyrir farsíma og önnur snjalltæki. Við erum ekki að fara fram á að umsögn okkar verði tekin formlega fyrir sem hluti af ferlinu við afnám laganna enda gerum við okkur grein fyrir að fresturinn er liðinn.

Ástæðan fyrir því að umsögnin berst eftir tilnefndan frest er vegna þess að IMC Ísland ehf. fékk ekki formlega beiðni um að senda inn umsögn vegna þessa frumvarps. Fram að þessu hafa slíkar beiðnir borist í gegnum systurfélag okkar, Alterna Tel ehf., en starfssemi þess hefur legið í dvala undanfarna mánuði og hefur Hringiðan séð um þá viðskiptavinum sem tengjast Alterna með einum eða öðrum hætti frá því í haust.

Þar sem IMC Ísland ehf. er skráð fjarskiptafyrirtæki hérlendis og hefur starfað hér síðan árið 2000 og er með gilda tíðniúthlutun frá árinu 2012 þá þykir okkur eðlilegt að við sitjum við sama borð og önnur fjarskiptafyrirtæki hérlendis hvað varðar upplýsingagjöf og beiðnir um umsagnir í framtíðinni, sjá nánari upplýsingar á heimasíðu PFS: <http://www.pfs.is/fjarskipti/skrad-fjarskiptafvirketaki/>. Ef hægt er að senda slíkar beiðnir á [imcisland@imcisland.is](mailto:imcisland@imcisland.is) þá myndum við meta það mikils.

Með kveðju og fyrir hönd IMC Ísland ehf.

Magnús Viðar Skúlason

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Þorleifur Jónsson  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

#### EFNI: ATHUGASEMDIR VIÐ BREYTINGAR Á LÖGUM NR. 8/2005 UM ÞRIÐJU KYNSLÓÐ FARSÍMA

IMC Ísland ehf. hefur starfað á íslenskum fjarskiptamarkaði síðan árið 2000 og komið að fjarskiptaþjónustu fyrir ýmsa aðila á þeim tíma. Óhætt er að segja að á þessu tímabili hafi átt sér stórkostlegar framfarir á þeim tíma sem IMC Ísland ehf. hóf rekstur og til dagsins í dag.

Einn hluti af því sem hefur breyst mikið er hvernig meðhöndlað er með fjarskiptatíðnir á mörkuðum víða um heim og er staðan í dag sú að verið er að horfa til þess að fjarskiptatíðnir séu tæknilegar hlutlausar, sem er brotthvarf frá þeirri skoðun að hver tíðni beri ákveðna virkni, byggt á ákveðinni tækni. IMC Ísland ehf. lýsir fullum stuðningi við að núverandi lög nr. 8/2005 um þriðju kynslóð farsíma verði numin úr gildi með þeim ákvæðum og fyrirvörum sem tilteknir eru í frumvarpinu og umsögn sem með frumvarpinu fylgir.

Við þetta tækifæri vill IMC Ísland ehf. einnig vekja máls á að hröð og mikil breyting á sér stað á fjarskiptamarkaðnum um þessar mundir vegna ‚Machine2Machine‘-tækni (M2M) í tengslum við það sem kallað er í daglegu tali ‚Internet of Things‘ (IOT). Búast má við því að í tengslum við M2M-væðingu fjarskiptamarkaðarins að þá muni fjölga umtalsvert þeim tækjum sem eru á GSM-kerfum í dag og þarf hvert tæki að hafa úthlutað símanúmer (MSISDN) sem úthlutað er af Póst- og fjarskiptastofnun ásamt IMSI-númeri sem er úthlutað af hverju og einu fjarskiptafyrirtæki, sem er byggt á því símkerfisnúmeri sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar einnig.

Til þess að fjarskiptafyrirtæki geti úthlutað MSISDN og IMSI til fjarskiptafyrirtækja þá þarf að vera til staðar tíðniheimild sem útgefin er af Póst- og fjarskiptastofnun og slíkar heimildir eru ekki veittar nema búið sé að úthluta fjarskiptatíðni til fjarskiptafyrirtækisins. Staðan í dag er sú að Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar ekki tíðniheimild nema með kvöð um uppbyggingu á fjarskiptakerfi innanlands. Að mati IMC Ísland ehf. þá er sú kvöð íþyngjandi fyrir fjarskiptamarkaðinn héraendis því með að koma á þeirri kvöð þá er ekki hvati til staðar fyrir fjarskiptafyrirtæki að ná fram hagræðingu í uppbyggingu fjarskiptakerfa á Íslandi. Ef hvert og eitt fjarskiptafyrirtæki héraendis þarf að byggja upp sitt eigið fjarskiptakerfi til að tryggja útbreiðslu á tíðni sem fyrirtækið hefur fengið úthlutað þá liggur það í hlutarins eðil að rekstrarkostnaður verður hærri sem mun ekki skila sér í betri og hagstæðari verðum, neytendum til hagsbóta.

Í dag eru fjarskiptafyrirtæki á erlendri grundu ekki viðurkennd sem fjarskiptafyrirtæki að fullu nema hafa úthlutaða tíðniheimild og því geta fjarskiptafyrirtæki ekki samið við önnur fjarskiptafyrirtæki um reikisamband og annarskonar samstarf t.d. í tengslum við notkun M2M-tækja o.s.frv. Það er mat IMC Ísland ehf. að til að tryggja frekari nýliðun á fjarskiptamarkaðnum og aukna samkeppni að þá verði að


slaka á kröfum upp uppbyggingu fjarskiptakerfa fyrir hverja úthlutaða tíðniheimild. Frekar ætti að vera hvati til staðar að nýir aðilar á fjarskiptamarkaðnum geti samið við núverandi fjarskiptafyrirtæki um að koma inn á fjarskiptakerfi þeirra og greiða fyrir þann aðgang með sanngjörnum hætti. Ef hægt er að nota nærtækt dæmi þá eru kvaðir um uppbyggingu fjarskiptakerfa við úthlutun tíðniheimilda þannig að ef sambærileg kvöð væri lögð á aðila innanlands sem vilja selja raforku að þá þyrftu slíkir aðilar í öllum tilfellum að koma upp eigin dreifikerfi fyrir raforkuna um allt land í stað þess að tengja sig inn á grunnnet raforkukerfisins eins og það er í dag.

Hvað varðar tekjuöflun fyrir ríkissjóð í tengslum við fjarskiptarekstur á Íslandi þá má benda á að með aukinni M2M-væðingu í heiminum þá mun útgáfa á símanúmerum (MSISDN) aukast umtalsvert. Sú staða gæti komið upp að fjarskiptafyrirtæki gæti þurft að úthluta MSISDN í talsverðu magni, sem nemur hundruðum þúsunda eða jafnvel milljónum á mjög skömmum tíma. Núverandi verðskrá Póst- og fjarskiptastofnunar gerir ráð fyrir að árlegt gjald af hverju MSISDN sé 10 íslenskar krónur þannig að eins og taflan hér fyrir neðan sýnir þá er hægt að búa til nokkuð stöðugan tekjugrundvöll fyrir hið opinbera ef rétt er staðið að hlutunum:


Einingaverð	Fjöldi MSISDN	Árlegt gjald af MSISDN
10	1.000.000	10.000.000
10	5.000.000	50.000.000

Að framansögðu þá tekur IMC Ísland ehf. undir þær athugasemdir sem fram koma við þingskjal nr. 292 / mál 265 varðandi afnám laga þar sem sérstaklega er kveðið á um að 2100 MHz-fjarskiptatíðnin sé einungis notuð fyrir þriðju kynslóð farsíma. Hinsvegar þá hvetur IMC Ísland ehf. að úthlutun og skilgreining fjarskiptatíðna og fjarskiptafyrirtækja verði tekin til endurskoðunar í heild sinni með það að markmiði að auka samkeppni og opna fyrir möguleika á fjölbreyttara rekstrarformi fyrir fjarskiptarekstur á Íslandi.

Fyrir hönd IMC Ísland ehf.



Elvar Steinn Þorkelsson  
Framkvæmdastjóri – IMC Ísland ehf.



Magnús Viðar Skúlason  
Verkefnastjóri – IMC Ísland ehf.